

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 31. mars 2023
UST202303-285/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Efri-Reykir - Frístundabyggð – Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Blásskógarbyggðar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggðar í landi Efri – Reyki í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða skipulag fyrir 26 frístundahúsalóðir í landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð, á skipulagsreit F73 í aðalskipulagi. Skipulagssvæðið er um 23 ha. Auk þess segir að nýtingarhlutfall skuli ekki vera hærra en 0,03, stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15m².

Brúará

Fjallað er ágætlega um verndarsvæðin í greinargerðinni. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufræðis, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tryggt verði að ekki sé byggt of nærri árbökkunum og til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þurfi að tryggja að jaðarsvæðum þeirra verði ekki raskað. Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að byggingarreitir við Brúará séu staðsettir í meira en 150 m fjarlægð frá ánni.

Helstu ógnir við svæðið að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennsli. Aðrar ógnir stafa af íbúabyggð, framræslu, hrossabeit, skógrækt, jarðhitánýtingu, vegagerð og bílaumferð. Einnig eru ýmsar hugmyndir í farvatninu varðandi framkvæmdir við ána eins og uppbygging hótels og baðlóns og jarðhitánýting. Því vill Umhverfisstofnun hvetja sveitarfélagið til að líta einnig til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum við ána og álag sem þær geta valdið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur